

## Lögaðili

Nafn		Kennitala
Heimilisfang	Póstnúmer	Sveitarfélag

## Umboðsmaður lögaðila

Nafn		Kennitala
Heimilisfang	Land	Netfang

## Samrunaáætlun

Dagsetning samrunaáætlunar	Uppgjörsdagur samruna
----------------------------	-----------------------

## Skattskuld vegna millilandasamruna

Eigið fé samkvæmt samrunareikningi		1	
Hækkun til gangvirðis	+	2	
Skuldir sem ekki uppfylla ákvæði 75. gr. l. nr. 90/2003 um tekjuskatt	+	3	
<b>Hrein eign félagsins færð til gangverðs</b>	=	4	<b>A</b>

Eigið fé samkvæmt skattalegu bókfærðu verði eigna og skulda	+/-	5	
Fasteignir færðar úr fasteignamati í skattalegt bókfært verð	+/-	6	
Hlutabréf færð úr nafnverði í skattalegt stofnverð	+/-	7	
Aðrar eignir færðar í skattalegt stofnverð	+/-	8	
<b>Hrein skattaleg eign félagsins</b>	=	9	<b>B</b>

<b>Skattstofn vegna millilandasamruna</b>	=	10	<b>A-B</b>
<b>Skattskuld vegna millilandasamruna</b>	=	11	

## Sundurliðun á skattstofni vegna millilandasamruna

Eign	Gangverð eignar skv. matsskýrslu	Skattalegt bókfært verð		Mismunur
Rekstrarfjármunir skv. sundurliðun			+/-	12
Hlutabréf skv. sundurliðun			+/-	13
Óefnislegar eignir skv. sundurliðun			+/-	14
Aðrar eignir skv. sundurliðun			+/-	15
Skuldir			+/-	16
<b>Mismunur samtals (skattstofn)</b>			=	17

## Leiðbeiningar

Á þessu eyðublaði er gerð grein fyrir skattskuld sem stofnast vegna samruna íslensks hlutafélags yfir landamæri, þ.e. við erlent félag, sbr. ákvæði í 51. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt (tsl).

### 1. Eigið fé samkvæmt samrunareikningi

Í þennan reit skal færa eigið fé skv. samrunareikningi.

### 2. Hækkun til gangvirðis

Í þennan reit skal færa mismun á gangvirði eignar og bókfærðu verði hennar eins og það er skv. samrunareikningi. Gangverð eigna skal byggjast á mati sérfræðinga og staðfest af löggiltum endurskoðendum félagsins, sbr. XIV. kafla laga nr. 2/1995, um hlutafélög, og laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög.

### 3. Skuldir sem ekki uppfylla ákvæði 75. gr. I. nr. 90/2003

Í þennan reit skal færa skuldir sem tilgreindar eru í samrunareikningi en ekki uppfylla ákvæði 75. gr. tekjuskattlaganna, svo sem lífeyrisskuldbindingar, tekjuskattsskuldbindingar og skuld vegna tekjuskatts á félagið sem lagður verður á á næsta ári eftir lok tekjuárs.

### 4. Hrein eign félagsins færð til gangverðs

Í þennan reit skal færa samtölu úr reitum 1, 2 og 3.

### 5. Eigið fé samkvæmt skattalegu bókfærðu verði eigna og skulda

Í þennan reit skal færa skattalegt eigið fé félagsins eins og það var skv. síðasta framtali.

### 6. Fasteignir færðar úr fasteignamati í skattalegt bókfært verð

Í þennan reit skal færa mismun á fasteignamati eignar, sbr. skattframtal og skattalegu bókfærðu verði hennar sbr. eignaskrá RSK 4.01.

### 7. Hlutabréf færð úr nafnverði í skattalegt stofnverð

Í þennan reit skal færa mismun á eignfærslu hlutabréfa sem færð er á nafnverði í skattskilum og skattalegu stofnverði hlutabréfanna eins og það væri við útreikning á skattalegum söluhagnaði þeirra.

### 8. Aðrar eignir færðar í skattalegt stofnverð

Í þennan reit skal færa mismun á bókfærðu verði annarra eigna í skattskilum og skattalegu stofnverði þeirra.

### 9. Hrein skattaleg eign félagsins

Í þennan reit skal færa samtölu úr reitum 5, 6, 7 og 8.

### 10. Skattstofn vegna millilandasamruna

Í þennan reit skal færa mismun á fjárhæð í reit 4 og reit 9, þ.e. fjárhæð í reit 4 að frádreginni fjárhæð í reit 9.

### 11. Skattskuld vegna millilandasamruna

Í þennan reit skal færa skattskuld vegna millilandasamruna sem er skattstofn vegna samrunans samkvæmt reit 10, margfaldaður með gildandi skatthlutfalli fyrir félagið, skv. 1. mgr. 71. gr. tsl.

### 12. Rekstrarfjármunir skv. sundurliðun

Í þennan reit skal færa mismun á gangverði rekstrarfjármuna skv. matsskýrslu og skattalegu bókfærðu verði þeirra.

### 13. Hlutabréf skv. sundurliðun

Í þennan reit skal færa mismun á gangverði hlutabréfa skv. matsskýrslu og skattalegu bókfærðu verði þeirra.

### 14. Óefnislegar eignir skv. sundurliðun

Í þennan reit skal færa mismun á gangverði óefnislegra eigna skv. matsskýrslu og skattalegu bókfærðu verði þeirra.

### 15. Aðrar eignir skv. sundurliðun

Í þennan reit skal færa mismun á gangverði annarra eigna en rekstrarfjármuna, hlutabréfa og óefnislegra eigna skv. matsskýrslu og skattalegu bókfærðu verði þeirra.

### 16. Skuldir

Í þennan reit skal færa mismun á gangverði skulda skv. matsskýrslu og skattalegu bókfærðu verði þeirra.

### 17. Mismunur samtals

Í þennan reit skal færa samtölu fjárhæða úr reitum 12, 13, 14, 15 og 16. Fjárhæð þessi er mismunur á hreinni eign félagsins samkvæmt gangverði og hreinni skattalegri eign félagsins. Fjárhæðin skal vera jöfn fjárhæð í reit 10.